



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

16. júní 2011
24. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Nýsjálenski bóndinn

„Ég var ekkert búinn að ákveða hvað ég ætlaði að verða. Þetta fór bara svona,“ segir músíkantinn Rósi Sigurðsson, sem gerðist kúabóndi á Nýja Sjálandi eftir að hafa fylgt konu sinni til heimalands hennar. Á miðopnu í dag segir hann frá þrjátíu ára búskap sem hann hætti nýverið og öllum árunum í músíkinni, þar sem hann hefur spilað allt frá þungarokki til kántrítónlistar.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Langi Mangi: Fara verður eftir tilmælum eldvarnaeftirlits

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar segist ekki geta fallist á endurnýjun rekstrarleyfis kaffi- og ölhússins Langa Manga á Ísafirði fyrr en farið hefur verið að tilmælum eldvarnaeftirlits Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar. Eldvarnaeftirlitsmaður Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar gerði í skýrslu sinni alvarlegar athugasemdir við bruna-

varnir húsnæðisins og tók fram að lítið hafi verið gert til úrbóta frá síðustu skoðun þar áður, sem var í maí 2010.

Þá fór eldvarnaeftirlitsmaður fram á að tryggja skyldi að tvær óháðar rýmingarleiðir væru hvor úr sínum enda salar og hurðir þeirra opnuðust út. Einnig skyldi setja upp neyðarlýsingu og

merkja flóttaleiðir og fjölga handslökkvitækjum á staðnum. Þóttu þær endurbætur nauðsynlegar til að tryggja öryggi fólks og eigna. Jafnframt var farið fram á að staðinn skyldi brunahólfa og ætti að gera það við fyrstu hentugleika.

Athygli vekur að þetta eru sömu endurbætur og farið var

fram á að gerðar yrðu árið 2006.

Einnig gerði bæjarstjórn þá athugasemd við endurnýjun leyfisins, að huga þurfi betur að snyrtimennsku og góðri umgengni í kringum veitingastaðinn ef leyfið verður endurnýjað. Tillaga þess eðlis var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á síðasta bæjarstjórnarfundi.

Kristján Andri Guðjónsson, bæjarfulltrúi Í-listans í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, lagði fram breytingartillögu um að opnunartími verði aðeins til kl. eitt eftir miðnætti aðfaranótt laugardags og aðfaranótt sunnudags en sú tillaga var felld með sex atkvæðum gegn þremur.

– thelma@bb.is



Stærsta skemmtiferðaskip sumarsins

Skemmtiferðaskipið Costa Pacifica kom inn á Skutulsfjörð á þriðjudag. Skipið er skráð á Ítalíu, 114.500 brúttótonn að stærð. Til samanburðar er stærsta fiskiskip íslenska flotans, Engey RE, 7.800 brúttótonn, sem þýðir að Costa Pacifica er nær fimmtán sinnum stærra. Costa Pacifica er 290 metra langt og 40 metrar á breidd. Þá eru þilförin 17 talsins, þar af eru 14 ætluð farþegum. Skipið er þriggja ára gamalt, tekur 3.780 farþega og um 1.100 manns eru í áhöfn.

Fiskeldið flutt í Önundarfjörð

Lagt hefur verið til í bæjarráði Ísafjarðarbæjar að veitt verði

leyfi til 10 ára fyrir fiskeldi í Önundarfirði í stað 4-5 ára eins og

sveitarfélagið hafði hugsað sér. Lenging tímans kemur til vegna

umsagnar frá Fiskistofu þar sem segir m.a.: „Telji Fiskistofa að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn. Ef vistfræðileg rök mæla með því er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma.“ Fiskistofa telur að áform um gerð nýtingaráætlunar fyrir svæðið á næstu árum falli ekki undir þessa undantekningu enda liggja ekki fyrir hvenær slík áætlun verður gerð eða á hvaða forsendum hún verður byggð.“

Ísafjarðarbær óskaði ennfremur eftir svörum frá Fiskistofu um hvort unnin hefði verið skipulagsáætlun um framtíðarmöguleika í staðsetningu fiskeldis við

strendur landsins. Í svari Fiskistofu kemur fram að samkvæmt lögum um fiskeldi, fer sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með yfirstjórn fiskeldismála en framkvæmd stjórnýslunnar er að öðru leyti í höndum Fiskistofu. Hlutverk hennar er í megindráttum samkvæmt ákvæðum laganna, að gefa út og hafa umsjón með rekstrarleyfum til fiskeldis og sinna eftirliti með starfrækslu einstakra fiskeldisstöðva.

Umsóknaraðili fiskeldisins í Önundarfirði er Gísli Jón Kristjánsson á Ísafirði. Hann hefur verið með kvíar í Hnífsdalsvíkinni í eitt ár en áformar að flytja þær í Önundarfjörð.

– thelma@bb.is

Framkvæmdir hafnar við síðari hluta snjóflóðavarna

Framkvæmdir við síðari hluta snjóflóðavarna undir Traðarhrynu í Bolungarvík eru hafnar. Byggingarfulltrúinn í Bolungarvík hefur gefið út framkvæmdaleyfi. Deiliskipulagsbreyting vegna framkvæmdanna var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 29. mars og hún síðan auglýst. Athugasemdafrestur rann út 25. maí og bárust engar athugasemdir. Hún skoðast því

samþykkt og hefur tilkynning þess efnis verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Garðurinn sem er austan við þann garð sem er í byggingu norðan við Stigahlíð liggur sunnan Stigahlíðar og mun gatan því liggja á milli garðanna þegar þeir verða tilbúnir. Af þeim sökum er nauðsynlegt að loka fyrir akstur um Stigahlíð frá Hafnargötu á framkvæmdatímanum. Þá verður

lokað fyrir akstur frá Völusteinsstræti inn á Stigahlíð. Stigahlíðin þar sem hún liggur meðfram snjóflóðavarnargörðunum er öll á vinnusvæði Ósáfls og full ástæða til þess að vekja athygli á því að óviðkomandi umferð gangandi eða akandi vegfarenda um vinnusvæðið er bönnuð vegna slyshættu. Framkvæmdunum á að ljúka í ágúst 2012. – thelma@bb.is

Áskriftarsíminn er 456 4560

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar **16. - 19. júní**

...sjá uppskrift **Svínasteik með apríkósufyllingu** á samkaupurval.is

**55%
kaup!**

~~439~~

198 kr/kg

Svínaskankar

úr kjötbörði eða pakkaðir ferskir

**24%
kaup!**

~~749~~

569 kr/kg

Svínahakk

úr kjötbörði eða pakkað ferskt

Svínalæri, úrbeinað

999 kr/kg

verð áður 1.598 kr/kg

**38%
afsláttur**

**35%
kaup!**

Svínalundur

1.429 kr/kg

verð áður 2.198 kr/kg

...sjá uppskriftir
í **Grænmetisréttir**
á samkaupurval.is

**25%
kaup!**

~~1.598~~

1.199 kr/kg

Grill lambalæri

hvítlaukskryddað frá Kjötseli

Bökunarkartöflur

175 kr/kg

verð áður 198 kr/kg

**50%
afsláttur**

**Góð
kaup!**

~~1.498~~

1.198 kr/ds

Grísakótilettur

rauðvínskryddaðar frá Bautabúrinu

Hnetur & ávextir 200g

319 kr/pk

verð áður 399 kr/pk

Pistasiur 150g

367 kr/pk

verð áður 489 kr/pk

**Góð
kaup!**

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir
á samkaupurval.is

Útgerðarstjórinn hannar þrjónavef

„Það er hægt að finna forrit til að reikna út lykkjufjölda og teikna munstur á reiti en ekkert þar sem hægt er að breyta litum og skoða viðfangsefnið í þrívídd. Þar sker minn hugbúnaður sig algjörlega úr.“

Þrjónamunstur.is er nýr vefur sem hefur verið í smíðum undanfarið eitt og hálft ár. Að baki hans er kerfisfræðingurinn og útgerðarstjórinn Sverrir Pétursson hjá HG. Markmiðið með vefnum er að auðvelda þrjónafólki að hanna lopapeysur. Hægt er að velja stærð og teikna munstur og sjá í rauntíma hvernig peysan kemur til með að líta út í þrívídd. Áfram er unnið að þróun vefjarins sem var opnaður í byrjun apríl.

Sverrir var tiltölulega nýútskrifaður kerfisfræðingur þegar hann hófst handa við gerð vefjaris, en kerfisfræði felst í gerð og þróun hugbúnaðar. Hann sótti fjarnám í Háskólanum í Reykjavík og útskrifaðist árið 2008.

En hvernig kom það til að Sverrir, sem ekki er mikill þrjónakarl, fór út í smíð þessa vefjar?

„Þetta byrjaði eiginlega í bankahruninu. Það virðist ýmislegt hafa gerst í þessu hrúni. Til dæmis það að sala á ull og þrjónavörum margfaldaðist. Sem dæmi má nefna að salan hjá Ístex fjórfaldaðist í júlí 2009 miðað við júlí árið áður og blöðin þeirra runnu út eins og heitar lummur. Og það var eitthvað svipað árið 2010. Ég veit ekki hvað gerðist en það varð greinilega einhver hugarfarsbreyting hjá þjóðinni.

Þetta var stór hluti, en aðalástæðan var þó sú að konan mín og ég sitjum yfirleitt saman við sjónvarpið á kvöldin og tengdadóttir okkar kemur oft líka. Þær eru með þrjónana á meðan ég er að grúska í tölvunni og þær voru alltaf að þrjóna eftir uppskriftum úr blöðum sem þær hafa keypt. Ég var að velta því fyrir mér hvort ekki væri betra fyrir þær

að hanna sínar eigin uppskriftir. Ég hef svo sem alveg séð konuna mína vera með rúðustrikuð blöð og excelskjöl en það virtist vera bölvæð basl. Mér fannst sem það hlyti að vera til auðveldari leið og var að velta þessu fyrir mér allan veturinn.

Haustið 2009 fór ég loks að byrja að prófa mig áfram en þá hafði fullmótast hugmynd í kollinum á mér hvernig hægt væri að hafa þetta.

Um vorið var ég kominn með beinagrind og sýndi þrjónafólki og því fannst þetta þrælsniðugt. Ég hélt því áfram en það er svo margt sem þarf að huga að þegar maður er að gera svona hugbúnað og oft er betra að spekulera í hlutunum lengur áður en að framkvæmdinni kemur. Það er ótrúleg vinna sem liggur á bak við þetta, ég held að það geri sér ekki marg-

ir grein fyrir því. Það eru mörg tæknileg vandamál sem koma upp, fyrir utan það að ég kann ekkert að þrjóna peysur. Ég lagðist því niður í alls kyns þrjónablöð og reyndi að finna út einhverja formúlu, eins og hver lykkjufjöldinn yrði fyrir ákveðið marga sentimetra en þar kemur þrjónfestan inn í. Það er því ansi flókið að fá allt til að passa saman.“

Þrjónavefur sem sker sig úr

Athygli vekur að hægt er að skoða flíkurnar á vefnum í þrívídd og þannig snúa þeim þvers og kruss. Sverrir segist alltaf hafa haft gaman af þrívíddargrafík og því hafi hann innleitt hana í hugbúnaðinn. Þá segist hann ekki vita til þess að sambærilegur vefur hafi verið settur í loftið.

„Þegar ég var kominn af stað með þetta fór ég að leita hvort einhver annar hefði gert svona forrit á undan mér, en ég fann bara ekkert í líkingu við þetta. Það er hægt að finna forrit til að reikna út lykkjufjölda og teikna munstur á reiti en ekkert þar sem hægt er að breyta litum og skoða viðfangsefnið í þrívídd. Þar sker minn hugbúnaður sig algjörlega úr. Maður telur sér trú um að ef einhver hafi skrifað svona forrit þá hafi hann sett það á internetið en hafi það ekki bara geymt ofan í skúffu hjá sér. Þannig að ef það finnst ekki hvernig sem maður leitar, þá hefur maður trú á að það sé ekki til.“

Þróar vefinn eftir áþendingum notenda



Átti bara að vera fyrir konuna

„Nú er ég bara að þróa þetta áfram. Ég spyr á Facebook-síðunni hvað fólk vilji sjá næst og reyni svo að einbeita mér að því sem fær mesta athygli. Mesti hausverkurinn er hvað fólk á mismunandi öflugar tölvur. Margir eiga t.d. 7-8 ára gamlar tölvur sem eru kannski ekki eins öflugar og nýrri tölvur. Forritið reynir á tölvurnar og það eru þannig tæknivandamál sem þarf að leysa. Svona verkefni er aldrei búið, það er alltaf hægt að bæta við og laga.

Fyrst átti þetta bara að vera fyrir konuna og tengdadótturina svo þær gætu dundað sér við þetta. En eftir að ég setti þetta á vefinn varð ekki aftur snúið. Nú verð ég bara að gjöra svo vel að klára þetta og skila þessu frá mér á sómasamlegan hátt. Það er nú dálítið í það, ég geri mér vonir um að það verði í haust eða þegar líða fer að jólum. Svo þarf maður að eiga fyrir kostnaðinum við þetta en það kostar að hýsa vefinn og borga fyrir lénið og fleira. Ég veit ekki hvort ég get fengið auglýsingar á vefinn eða hvort ég get selt aðgang að vefnum. Sjálf-sagt er hægt að loka fyrir aðgang þannig að aðeins þeir sem keypt hafa aðgang að síðunni geti vistað eða prentað út. Ég held að það sé fullt af fólki sem áttar sig á allri vinnunni sem liggur að baki og sér ekkert að því að greiða fyrir þetta. Ég þarf því að fara í huga að því öllu.“

Draumurinn að skapa störf

En hvernig sér Sverrir fyrir sér að framtíð vefjarins verði?

„Fyrst ég er kominn svona langt, þá geri ég ráð fyrir fleiri tungumálum. Á vefnum er eiginlega ekkert til sem heitir íslenskur eða erlendum markaður. Ég hef verið að skoða erlenda þróunavefi og þeir eru mjög vel sóttir. T.d. er Ravelry með 1,6 milljón notendur og yfirleitt svona þrjú til fjögur þúsund tengdir á hverjum degi. Svo er mér sagt að mikil þróunahæð sé í Suður-Ameríku, það væri spennandi að reyna að höfða til þróunafólks þar. Bjart-sýnustu vonir er að þetta verði í framtíðinni vinnustaður fyrir einhvern og helst fleiri. Þjónusta við viðskiptavininn tekur langmestan tíma við svona vefi. Það munar um hvert starf hérna fyrir vestan. En það verður allt að koma í ljós. Ég er bara að fíkra mig áfram og núna þarf ég að fara læra markaðsfræði,“ segir Sverrir með stórt bros á vör. Vefinn má finna á slóðinni þróunamunstur.is.

– thelma@bb.is

Díoxín vel undir heilsufarsmörkum

Niðurstöður mælinga á fólki á Ísafirði sýna að magn díoxíns er vel undir þeim mörkum sem ætla má að geti haft heilsufarsleg áhrif. Mælingarnar fóru fram í marsmánuði þegar Landlæknisembættið safnaði blóðsýnum og mjólkursýnum frá íbúum á Ísafirði, í Skutulsfirði, Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri. Rannsakað var díoxínmagn í blóði frá 10 heilbrigðum einstaklingum á Ísafirði og 10 í Reykjavík. Á vef Landlæknisembættisins segir að niðurstöður blóðmælinganna hafi verið til viðmiðunar fyrir þá sem sérstaklega voru útsettir fyrir reyk frá brennsluofnum.

Viðmiðunargildin reyndust ámóta og þekkt á Norðurlöndum. Um litla hækkun díoxíns er að ræða hjá nokkrum starfsmönnum brennsluofnanna og hjá þeim sem búið hafa nálægt Funa í Skutulsfirði.

Sóttvarnalæknir hvetur engu að síður til þess að allir sem starfa við brennsluofna beri hlífðarbúnað og öndunargrímur við störf sín. Á vef embættisins er tekið fram að enn sé unnið að blýmælingum hjá þeim sem voru rannsakaðir með tilliti til díoxíns. Niðurstöður þeirra mælinga verða væntanlega gerðar kunnar síðar í þessum mánuði.

– kte@bb.is

Bæta við námskeiðum vegna eftirspurnar

Siglingaklúbburinn Sæfari býður í sumar upp á siglinga-námskeið á Ísafirði, sem ætluð eru 9-14 ára börnum. Ákveðið hefur verið að byrja mun fyrr en ætlað var í fyrstu og hefst því fyrsta námskeiðið í júní í stað júlí.

„Við ákváðum að bæta við námskeiðum vegna mikillar eftirspurnar og áskorunar um að byrja fyrr,“ segir Guðni Páll Viktorsson, sem verður yfirkennari á námskeiðunum. Honum til aðstoðar verður annar kennari og þrír krakkar úr Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar. Aðspurður segir Guðni Páll að námskeiðin leggist vel í Sæfara-menn. „Þetta á eftir að verða rosalega gaman.“

Hvert námskeið sem stendur yfir í fimm daga, fimm klukkustundir á dag milli klukkan 9

og 14. Námskeiðin hefjast mánudaginn 20. júní og verða alls sjö yfir sumarið. Á námskeiðunum læra börnin á seglbáta, kajak, fjallahjól (eigið hjól og hjálmur), fjallgöngu og fjallaklifur með fullgildum kennara. Tímabil í boði eru 20.-24. júní, 27. júní til 1. júlí, 4.-8. júlí, 11.-15. júlí, 18.-22. júlí, 25.-29. júlí og 1.-5. ágúst.

Börnin þurfa að geta synt 50 metra í björgunarvesti. Þau þurfa að hafa með sér hádegismat því ekki gefst tími til að kaupa mat í verslunum yfir daginn.

Sæfari skaffar klæðnað að mestu leyti en þeir sem eiga einhvern sjósportfatnað eru beðnir um að taka hann með sér – blautbúning, þurrbúning, vindjakka og sundföt, svo dæmi séu tekin.

Gísli nýr formaður fræðslunefndar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti í síðustu viku að Gísli H. Halldórsson tæki sæti í fræðslunefnd í stað Margrétar Halldórsdóttur og veiti nefndinni formennsku. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Eins og fram hefur komið baðst Margrét lausnar úr nefndinni vegna breytinga á störfum hennar fyrir sveitarfélagið. Margrét hefur verið ráðin sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar en hún hafði verið formaður nefnd-



Gísli Halldór Halldórsson. arinnar síðastliðið ár.

– thelma@bb.is

Hjólin fóru að snúast þegar Sverrir skráði sig af rælni í viðskiptakeppnina Gulleggið 2011, frumkvöðlakeppni sem Innovit hefur haldið undanfarin ár.

„Ég sendi inn viðskiptaáætlun sem ég hafði lagt mikla vinnu í og margir hjálpað mér við. Ég komst ekki áfram en ég fékk þessi fínú komment frá þeim sem fóru yfir áætlunina. Mér var ráðlagt að setja hugbúnaðinn á vefinn og þróa hann áfram eftir leiðbeiningum notenda. Þeir sögðu það vera lykilatriði. Það er svo sem ekkert nýtt þar sem okkur var kennt í skólanum að við sem hönnum hugbúnað föllum oft í þá gryfju að ákveða fyrirfram hvernig notandinn muni nota hann. Við hugsum með okkur: „Já, svona hlýtur þróunafólk að hugsa.“ En það vill kannski eitt-

hvað allt annað en það sem okkur datt í hug. Þannig að ég setti þetta á netið og fékk dóttur mína til að aðstoða mig við að setja upp Facebook-síðu.

Þó svo að ég hefði farið í háskólanám varðandi tölvur kunni ég ekkert á Facebook en það er virkilega öflugur og sniðugur samskiptavefur til að koma einhverju svona á framfæri. Um leið og ég setti þetta á Facebook komu 2-300 manns á vefinn hjá mér. Svo setti ég þetta inn á Barnaland og þá komu ennþá fleiri. Það kom mér verulega á óvart að sá vefur skyldi vera öflugri en Facebook. Svo þegar birtist frétt um vefinn á BB fékk hann 900 heim-sóknir. Og enn er ég að reyna kynna vefinn fyrir fólki, hef haldið tvær kynningar og veit að þær eiga eftir að verða fleiri.“



Gamla bókabúðin á Flateyri var fyrir nokkru opnuð fyrir sumarið.

Lægsta kílóverð á bókum á landinu

Gamla bókabúðin á Flateyri var fyrir nokkru opnuð fyrir sumarið. Búðin er til húsa að Hafnarstræti 3-5 á Flateyri þar sem verslunin var starfrækt frá árinu 1908 til 1999. Í dag rekur Minjasjóður Öfundarfjarðar bóka- verslun og minjagripaverslun í húsnaðinu. Notaðar bækur eru til sölu eftir gömlu búðarvigtinni. Kílóíð af lestrarefni kostar 1.000

krónur sem er eflaust hagstæðasta kílóverð á bókum á landinu. Sunna Dís Másdóttir er bókabúðarstýra Gömlu bókabúðarinnar.

„Búðin verður opin alla daga í sumar út ágúst, frá kl. 11 til 17 frá mánudögum til laugardags en frá kl. 14 til 17 á sunnudögum. Hér kennir ýmissa grasa auk bóka- anna, hægt er að kaupa sælgæti í kramarhúsum og ýmsar smávör-

ur og álnavörur. Þá verða einnig til sölu sælgæti, sultur og seyði frá Dalbæ á Snæfjallaströnd, fjallagrös og jurtate og ýmislegt annað spennandi,“ segir Sunna Dís.

Börnunum mun ekki leiðast þótt foreldrarir gleymi sér í gömlum bókum. „Krakkarnir fá að spreyta sig á því að vigta grjón og hveiti á gömlu voginni og æfa

sig í því að skrifa með bleki og grifflí. Leikföng og útileikföng eru til sölu og þá er um auðugan garð að gresja í hillum bókabúðarinnar hvað barnabækur varðar – Enid Blyton, Tarzan og Prins Valiant deila þar plássi með biblíusögum og öðrum dýrgrípum,“ segir Sunna Dís.

Minjasjóður Öfundarfjarðar festi kaup á húsinu árið 2003.

Auk verslunarinnar hýsir það heimili þeirra Jóns Eyjólfssonar og Guðrúnar Arnbjarnardóttur sem lengst af ráku bókabúðina. „Íbúðin þeirra stendur óbreytt að mestu leyti en flestir innan- stokksmuna sem hana prýða eru frá því fyrir 1950. Gestir fá tækifæri til að skyggjast inn í íbúðina og njóta þess gamla anda sem þar svífur yfir vötnum.“

Spurningin

Ertu sátt(ur) við fisk-
veiðiráðgjöf Hafró?

Alls svöruðu 241.

Já sögðu 78 eða 32%

Nei sögðu 117 eða 49%

Tek ekki afstöðu
sögðu 46 eða 19%

Netspurningin er birt viku-
lega á bb.is og þar geta
lesendur látið skoðun sína
í ljós. Niðurstöðurnar eru
síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðaustlæg átt og fremur vætusamt, en stöku skúrir sunnan- og vestanlands. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugar- dag:** Norðaustlæg átt, skýjað en þurrt að mestu fyrir norðan, en skúrir sunnanlands. Heldur kólnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Norðaustlæg átt, skýjað en þurrt að mestu fyrir norðan, en skúrir sunnanlands. Heldur kólnandi veður.

Ritstjórnargrein

Hrafnseyri

Hrafnseyri – Jón Sigurðsson. Fæðingarstaður og nafn Vestfirðings- ins sem árlega er minnst: sómi lands vors, sverð þess og skjöldur. Maðurinn, sem þjóðin kaus að tengja fæðingardag hans við stofnun Háskóla Íslands 1911 og fullveldi landsins 1944. Merkilegt kann einhver að segja þar sem maðurinn hélt til Kaupmannahafnar árið 1833 til náms, 22ja ára, og bjó þar til æviloka.

Jón Sigurðsson var kosinn þingmaður Ísafjarðarsýslu árið 1844 og forseti Hafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags 1851, en fyrir það fékk hann viðurnefnið forseti. Á því árabili sem Jón var þingmaður kom Alþingi saman annað hvert ár og stóð í sex vikur. Honum reyndist því tiltölulega auðvelt að sækja þing þrátt fyrir búsetu erlendis. En ferðalögin urðu tíð í gegnum árin.

Til forna héldu konungar hirðskáld. Í þeim fjölmörgu greinum sem ritaðar hafa verið um Jón Sigurðsson og í ræðum sem um hann hafa verið haldnar hafa „Hirðskáld Jóns Sigurðssonar“, en svo nefnist bók er Almenna bókafélagið gaf út fyrir réttum 50 árum, ekki borið mikið á góma. Í formála bókarrinnar segir að af þeim 30 kvæðum sem þar birtast „voru 26 flutt Jóni Sigurðssyni eða sungin fyrir minni hans í veislum.“ Þau eru ekki sögð vera „heimildir um Jón, ævi hans og athafnir, í sama skilningi sem dróttkvæðin fornu um konungana“ en hinu verði „varla neitað að þau séu ein af heimildunum – og hún ekki ómerk – um vinsældir þær og virðingu

sem Jón naut hjá samtíð sinni.“ En vissulega fór ekki hjá því að andstæðingum Jóns þótti þó nóg um alla þá mærd sem borin var á hann í öllum þessum kveðskap.

Jón Sigurðsson „standmynd, sem steipt er í eir“ gegnt Alþingishúsinu. Í Kaupmannahöfn Jónshús, eign íslenska ríkisins. Ólíklegustu tækifæri eru nýtt til að húa Íslendingum þar saman. Á Hrafnseyri, er Safn Jóns Sigurðssonar. Einangraður staður sam- göngulega mikinn hluta ársins. Ef ætlunin er að halda nafni Jóns Sigurðssonar á lofti meðal þjóðarinnar, utan ræðuhalda á þjóðhátíðar- daginn, ætti metnaður stjórnvalda að standa til þess að greiður aðgangur væri að fæðingarstað hans árið um kring. Malbikuð heimreið og bílastæði duga þar engan veginn til. Ferðamenn, sem vilja heimsækja fæðingarstað þessa þjóðfræga Vestfirðings og átrúnaðargoðs þjóðarinnar, verða að geta komist leiðar sinnar klakklaust. Andanafædd hugmynd um byggingu á Þingvöllum í minningu Jóns Sigurðssonar verður aldrei ígildi Hrafnseyrar.

Á 200 ára afmæli forsetans er tilvalið að hefjast handa við að rjúfa einangrun Hrafnseyrar. Styttan á Austurvelli er góð til síns brúks á afmælisdaginn. Ef við sem þjóð ætlum okkur á annað borð að heiðra minningu Jóns Sigurðssonar með einum eða öðrum hætti á það að gerast á Hrafnseyri við Arnarfjörð.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



598 KR.

ITALIA
EXTRA
VIRGIN OLÍA

KJARNAFÆÐI

ÍSLENSKAR
BLÖÐBERG,
BIRKILAUF,
AÐALBLABERJALYNG
OG EINIR.
KRYDDJURTIR



1298 KR.KG

Íslenskt **HEIÐALAMB** með villtum Íslenskum kryddjurtum



1298 KR.KG

K.S. FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



1198 KR.KG

K.S. FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR



1198 KR.KG

K.S. FROSID HEILT LAMBALÆRI



198 KR.

PEPSI & PEPSI MAX - EGILS APPELSÍN
2 LTR. FLÖSKUR 198 KR. STK



598 KR.KG

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR



998 KR.KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



1398 KR.KG

PÝSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR



1998 KR.KG

PÝSKAR KALKÚNABRINGUR FROSNAR

KJARNAFÆÐI **KOFAREYKT AÐ NORDAN**



1598 KR.KG

2598 KR.KG

KOFAREYKTUR ÚRBEINADUR
HANGIFRAMPARTUR **1598 kr.kg**

KOFAREYKT ÚRBEINAD
HANGILÆRI **2598 kr.kg.**



659 KR.

COKE-KIPPA 4 flöskur 1,5 ltr.
Alls: 6 ltr. 659 kr



59 KR.



598 KR. 3 kassar

GÓU ÞRENNAN PRINSBITAR
ÆÐIBITAR - HRAUNBITAR



BÓNUS ÍS 2 ltr
298 kr.



898 KR. 760g

BÓNUS GULRÓTARKAKA



298 KR. 420g

MYLLU MÖNDLUKAKA



98 KR. 5 kökur

BÓNUS FLATKÖKUR



798 KR.

NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR



BÓNUS ÍSSÓSA 320ml
259 kr.



Gosdrykkir í 33cl dósum **69 kr.ds**

527 9000

UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI

Þarftu að ná

sambandi

við Bónus?

Við erum við símann 527 9000 alla virka daga frá kl 09-16
Hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is

AFGREIÐLUTÍMI

Í BÓNUS 16.JÚNÍ

10:00-19:30

Allar verslanir

15.JÚNÍ

12:00-18:30

BONUS BÝÐUR BETUR

Finnst Ísafjörður gjörbreyttur

Músíkantinn Sigurður Rósi Sigurðsson hefur spilað allt frá þungarokki til djass, gert garðinn frægan með hljómsveitinni Ýr og troðið upp með kántrísveit á Nýja Sjálandi, þar sem hann hefur verið kúabóndi síðastliðin þrjátíu ár. Sigurður Rósi, sem oftast er kallaður Rósi, brá hins vegar nýverið búí. Hann var staddur á Ísafirði í síðustu viku og blaðamaður nýtti tækifærið til að fá hann til að segja sér undan og ofan af ævintýrum sínum.

Lærði á gítar hjá Guðna í fiskbúðinni

Rósi er fæddur og uppalinn á Ísafirði. Hann lagði ekki stund á formlegt tónlistarnám á yngri árum. „Nei, ekkert svoleiðis. Ætli hann Guðni í fiskbúðinni hafi ekki kennt mér einna mest á gítarinn, svona til að byrja með. Hann var faðir eins vinar míns, Sævars Guðnasonar og kenndi mér sitthvað - hann hafði sjálfur verið að spila með Ásgeiri Sigurðssyni,“ útskýrir Rósi. „Svo náttúrulega fíktaði maður bara sjálfur og fíkraði sig áfram. Maður hefði sjálfsagt ekki verið talinn neinn mikill músíkant, svona meðal alvöru tónlistarmanna!“ segir hann og hlær við.

Fyrst gekk Rósi til liðs við kjallarahljómsveit sem að hans sögn framleiddi lítið annað en hávaða. „Við spiludum sömu lögin aftur og aftur. Svo var ég í hljómsveit með Ásgeiri Sigurðssyni leigubílstjóra, Kolbrúnu Sveinbjarnardóttur, Dúdda Guðmunds bifvélavirkja... Við fórum að spila saman á fullu,“ segir Rósi frá. Á þeim tíma sem hann spilaði með Ásgeiri var leitað til hans um að stofna nýja hljómsveit.

„Rafn Jónsson vildi þá stofna hljómsveit. Hann var búinn að vera að æfa og æfa á trommur og hóaði saman mönnum. Hann fékk mig, Reyni Guðmundsson og Örn Ingólfsson til að stofna hljómsveit, sem við gerðum og fórum að æfa stíft. Sú hljómsveit var kölluð Náð. Hún spilaði einna mest þungarokk - en það var samt ekkert svo þungt, svona mitt á milli frekar. Það var frekar músíkalskt,“ útskýrir Rósi.

„Við gerðum mikla lukku. Svo voru reyndar miklar mannaskiptingar eins og alltaf, fólk kemur og fer og það fór ansi margt fólk í gegnum þessa hljómsveit. Svanfríð Arnarsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson var þarna líka og Örn Jónsson var eitthvað þarna með okkur,“ telur Rósi upp. „Bróðir minn, Halli, var líka á trommum með okkur. Hann hafði spilað töluvert með Villa Valla,“ bætir hann við.

Hlær að Ýrar- ævintýrinu

Ísafjörður hefur lengi haft orð á sér fyrir að vera mikill tónlistarbær og því var einnig svo farið á yngri árum Rósa. „Það snérist eiginlega allt um músíkina svona í kringum 1970,“ segir hann. Rósi lék sjálfur með fjöldamörgum tónlistarmönnum á svæðinu, en ein þekktasta hljómsveitin sem hann spilaði með var sveitin Ýr, skipuð Rósa, Rafni Jónssyni, Reyni Guðmundssyni og Hálf-dáni Haukssyni.

„Þeir voru byrjaðir með gítar-leikara úr Víkinni, en svo hætti hann. Þá var hóað í mig, þar sem ég var á lausu. Einhvern veginn æxlaðist það svo þannig að ég fór að spila með þeim,“ segir Rósi frá. „Við vorum með háar hugmyndir og ætluðum að verða heimsfrægir,“ segir hann og glottir. „Nei, það er nú reyndar ekki satt. En við vildum gera eitthvað og stefndum hátt,“ bætir hann við.

Ýr gaf út samnefnda breiðskífu árið 1975. „Við vorum sendir út til New York, í byrjun árs 1975 minnir mig,“ segir Rósi. „Platan kom svo út seinna þetta sama ár. Við fengum mikla aðstoð við að gera hana. Jakob Magnússon var þarna með okkur ásamt fríðu föruneyti sem hjálpaði okkur við hitt og þetta,“ rifjar hann upp.

Hann segir það hafa verið mikla lífsreynslu fyrir ísfirski drengi að dveljast og starfa í New York. „Það var það - og opnaði eiginlega augu manns fyrir því að það væri til heimur fyrir utan Ísland,“ segir hann og brosir.

Ýr átti þó nokkurri velgengni að fagna eftir að platan leit dagsins ljós. „Þetta varð voðalega

vinsælt og við gerðum mikla lukku þarna. Það varð mjög mikið að gera hjá okkur eftir þetta, við vorum á ferðalagi um allt land og spiludum mikið fyrir í borginni. Það var voða gaman fyrir unga menn að fá að fara svona um og sýna sig og sjá aðra,“ segir hann og brosir. „Þetta var mjög skemmtilegt líf, mikil gleði og mikið hlegið. Svo náttúrulega tekur alvara lífsins við, þegar menn fara að eignast fjölskyldur og svona,“ segir Rósi, sem segir þá félaga í Ýr þó ekki beinlínis hafa verið með stjórnur í augunum.

„Það var auðvitað alltaf einhver von um að við gætum gert eitthvað stórt og mikið, en raunveruleikinn var sá að við vorum kannski ekki alveg tilbúnir í það, tónlistarlega séð. Enginn okkar var sérstakur, þannig séð, nema kannski Rafn Jónsson. Hans hæfileikar voru alveg gríðarlegir, áður en hann fór svo að veikjast. Sem heild náðum við hins vegar mjög vel saman, þó við værum kannski ekki neindir framúrskarandi músíkantar,“ segir Rósi. „Þegar maður lítur um öxl hlær maður nú eiginlega að þessu ævintýri,“ bætir hann við.

Slysaðist í búskap

Rósi giftist Hönnu Láru Gunnarsdóttur og eignaðist með henni eina dóttur. „Við höfðum þá verið saman í mörg ár og giftum okkur loksins, en svo entist hjónabandið reyndar ekki lengi,“ útskýrir hann. Seinna kynntist hann seinni konu sinni, Elwyn, sem er nýsjálensk.

„Hún var þá að vinna hérna. Við ákváðum fljótlega að fara út, þaðan sem hún er, og þar hef ég verið síðan - í búskap og spilamennsku,“ segir Rósi frá. Hann segir það sömuleiðis hafa verið rætt að vera um kyrrt á Ísafirði. „Við hugsuðum um það, en ég var alveg viss um það að hún myndi ekki vera ánægð hér lengi. Það voru fleiri möguleikar úti og ég ákvað að láta slag standa og fara með henni út,“ segir hann.

„Foreldrar hennar voru með búskap þar og þegar ég kom út var ég bara drifinn inn í hann,

sem vinnumaður á kúabúinu. Þannig byrjaði ég. Þau keyptu eldgamalt hús einhvers staðar langt í burtu og létu flytja það uppeftir á truck. Svo var fenginn gamall smiður til að smíða við það fyrir okkur. Ég var í því að hjálpa honum líka, sem mér fannst ansi gaman,“ segir Rósi frá.

Hann hafði ekki ætlað sér að verða bóndi. „Ég var nú reyndar ekkert búinn að ákveða hvað ég ætlaði að verða. Þetta fór bara svona,“ segir hann og brosir. „Á meðan ég var hér heima var ég svona í hinu og þessu. Ég var nú svakalega latur að vinna,“ segir hann og hlær við. „Ég var eitt-hvað í bæjarvinnunni, reyndi fyrir mér í Rækjuverksmiðjunni, var svolítið í íshúsi, vann á bifvéla-verkstæði hjá vini mínum Dúdda Guðmunds... Ég var rólandi út um allt, en tóldi hvergi lengi,“ útskýrir hann.

Hann bjó þó að dálítilli reynslu af bústörfum, eftir að hafa verið í sveit á árum áður. „Sem lítill strákur var ég á Barðaströndinni, á Eyri í Gufudalssveit. Ég reyndi nú víst að strjúka þaðan - ég man nú ekki eftir því! Kannski var ég ekki ánægður með að hafa verið látinn reyta arfa í garðinum,“ segir hann og brosir. „Eitt sumarið var ég í Öndarfirðinum hjá Guðmundi heitnum, sem lést í traktorsslysi. Síðan vorum ég og bróðir minn líka uppi í Hrauni í Hnífsdal. Við vorum þar hjá þremur eldri systkinum sem kunnu eiginlega ekkert á vélarnar, vildu ekkert eiga við traktorinn eða svoleiðis. Þau þurftu alveg að stóla á okkur með það. Við vorum hjá þeim í þrjú sumur. Það var mjög fínt og hefur sennilega kveikt í bódanum í mér,“ segir hann glettinn.

Gjörólíkur búskapur

Til að byrja með keyptu þau Rósi og Elwyn nokkra kálfa og ólu þá upp, en greiddu foreldrum hennar leigu. Á nokkrum árum stækkaði þeirra búskapur hins vegar og dafnaði og loks keyptu þau hjörðina af foreldrum hennar og tóku alla jörðina á leigu.

„Þá voru þau að „retire“ eins

og maður segir, setjast í helgan stein og að fara að taka því rólega. Við sáum um jörðina og áttum allar okkar skepnur sjálf. Svona gekk þetta í þrjátíu ár,“ segir Rósi, sem segir bústörfin hafa verið ólík því sem hann þekkti. „Þetta var allt annar hlutur. Úti eru skepnurnar úti allt árið, þær eru ekkert hýstar nema bara rétt á meðan það er verið að mjólka þær,“ nefnir hann sem dæmi.

Rósi segir þau hjónin hafa þótt frekar gamaldags, þar sem þau réðust aldrei í gagngerar endurbætur, í smíðar hátækni fjóss eða að stækka hjörðina umtalsvert. „Það gerðu margir bændur í kringum okkur. Þeir fóru allir í að stækka og stækka og fá fleiri og fleiri beljur. Við vorum alltaf að dragast aftur úr með það. Við þóttum lítið bú þegar við vorum með um hundrað mjólkandi kýr, á meðan aðrir í kringum okkur voru með 250 og 300 beljur, með fullkomnum fjósum. Sumir voru með svona hringekju, sem beljurnar stíga upp á og þá þarf maður ekkert að hreyfa sig við mjaltirnar,“ segir hann og hlær við.

„Svo eru beljurnar með flögur í eyrunum sem tölva les. Hún sýnir þá strax ef það er eitthvað að kúnni, hvort hún er á sýklalyfjum eða slíku. Þetta er þá allt sjálfvirk - það opnast þá sérstakt hlið og kýrin er leidd á annan stað, því mjólk úr belju á lyfjum má ekki selja,“ útskýrir Rósi.

Nýsjálendingar hið viðkunnanlegasta fólk

Blaðamañn fýsir að vita hvort Rósi hafi ekki fengið neitt menningsjokk við flutninginn hinum megin á hnöttinn.

„Þetta var nú svolítið öðruvísi, sko,“ segir hann eftir að hafa hugsað sig um. „Fyrst var ég til dæmis alveg voðalega ánægður með veðrið. Við komum að hausti til og það var alveg sérstaklega fallegt veður, bara með því betra sem ég hef upplifað á ævinni. Þetta var áður en veturinn skall á, sem er náttúrulega enginn vetur miðað við hérna. Það er meira um rigningar og svolítið kalt, kannski eins og er úti núna,“



segir hann og bendir út í hroll-kaldan júnídag.

„Fólkið fannst mér líka alveg sérstaklega vinsamlegt og finnst enn, miðað við það sem ég þekkti hérna. Maður gat farið að tala við fólk á götu bara upp úr þurru, án þess að kynna sig neitt, bara svona um daginn og veginn. Það er svo kammó einhvern veginn,“ segir Rósi. „Ég get hins vegar sagt það að nú er ég búinn að koma hingað fjórum sinnum í heimsókn frá því að ég flutti og mér finnst fólkið hérna hafa snarbreyst! Fólk er miklu opnara en áður og brosir og heilsar. Mér finnst þetta alla vega, eins og allir séu opnari og ekki jafn þungbúnir og áður,“ segir hann.

„Og kannski er það ekkert breytt, kannski er það ég sjálfur sem er breyttur. Og kannski nær fólk mér bara betur núna. Mér finnst þetta að minnsta kosti allt annað. Ef maður labbar fram hjá ungu fólki núna brosir það til manns og sér mann. Það er mjög gott andrúmsloft hér,“ bætir hann við.

Í kántríhljómsveit í héraðinu

Eftir flutninginn til Nýja Sjálands hafði Rósi hugsað sér að hætta í spilamennskunni. „Svo kynntist ég Patreksfirðingi í næsta nágrenni, Guðjóni Jóhannesi Guðjónssyni. Hann var þarna í grenndinni, bara um hálf tíma akstur frá jörðinni okkar og giftur nýsjálenskri konu. Hann hafði verið í hljómsveit á Patreksfirði. Einhvern veginn ætlaðist þetta þannig að við vorum plataðir í að spila undir hjá einhverjum „country girls“, konum sem voru allar í kántríinu. Við komum með kassagítarana og spiluðum undir hjá þeim og þær voru svo lukkulugar með þetta að þær plötuðu okkur til að gera meira. Við spiluðum og þær sungu. Seinna var svo stofnuð hljómsveit út frá þessu. Hún starfaði í nokkur ár - þangað til að við fengum nóg af kántríinu,“ segir Rósi frá og brosir. Gítarinn var hins vegar ekki lagður á hilluna við það.

„Það var bara skipt um gír og stofnuð hljómsveit sem spilaði svona... „middle of the road“ tónlist, ef við getum sagt það - bítla-lög og ýmislegt annað, alls konar tónlist,“ segir hann frá. „Í dag erum við í hljómsveit sem heitir Impulse, og vorum einmitt að fagna 20 ára afmæli hennar nýlegra. Við Gutti höfum hins vegar ekki verið með frá upphafi, hún var búin að starfa í nokkurn tíma áður en við bættumst í hana,“ útskýrir Rósi.

„Nú er þetta sjö manna sveit. Það er engin áhersla lögð á að þéna peninga eða neitt slíkt, þetta snýst bara um að koma saman og hafa gaman. Við spilum í stórum klúbb einu sinni í mánuði, aldrei á pöbbum eða neitt svoleiðis -

við nemnum því ekki! Í þennan klúbb kemur fólk bara til að dansa, sem er afskaplega gott. Við höfum líka fengið gífurlega góðan saxófónleikara til að spila með okkur svo þetta er mjög fjölbreytt; það er hljómborð, bassi, tveir gítarar, saxófónn, söngkona og söngvari. Það er mikið milliraddað og hægt að gera allt mögulegt. Nú spilum við líka mikinn djass. Við byrjum yfirleitt á „instrúmental“ lögum og djassi og svo þegar fólk fer að komast í stuð skiptir maður yfir í dansmúsík,“ segir hann.

Fékk fótboltadellu í gegnum börnin

Aðspurður um önnur áhugamál segist Rósi hafa eignast eitt slíkt í gegnum börnin sín, þó að músíkin sé alltaf í fyrsta sæti. Hann og Elwyn eiga fjögur börn, tvíburana Matt og John, sem eru þrítugir á árinu, Katy, sem er 27 ára, og Jesse, sem er 22 ára.

„Þegar krakkarnir fóru að taka þátt í fótboltanum var ég plataður í að hjálpa til að þjálfa. Mér fór þá að finnast þetta skemmtilegra og skemmtilegra og dreif mig á endanum bara í fótboltaði sjálfur, þó ég hefði afskaplega lítið verið í fótbolta hérna í gamla daga. Þarna lærði maður að spila,“ segir Rósi og hikar. „Ég held... Já, ég held ég sé hættur núna. Ég er nú orðinn 61 árs gamall! En hver veit, svo sem...“ bætir hann við.

Börn þeirra hjóna búa öll á sama svæði, það er að segja í borginni New Plymouth á vesturströnd Norðureyjunnar. „Nú erum við nýhætt búskap, búin að selja allt og flutt í borgina líka,“ segir Rósi frá. „Það er algerlega nýfrágengið, bara viku áður en ég kom eiginlega. Við keyptum okkur hús í borginni og verðum þar. Krakkarnir búa öll í kringum okkur svo við sjáum þau þá miklu meira núna,“ segir Rósi.

Ein helsta ástæða þess að þau Elwyn brugðu búi nú er hins vegar heilsubrestur. „Það er nú þannig, ástandið, að konan mín er með MS. Henni hrakar þess vegna ár frá ári. Heilsan er ekki sú besta hjá sjálfum mér heldur, því ég greindist með krabbamein í eitlum. Við ákváðum þess vegna að þetta væri ekki hægt lengur, að basla í búskapnum. Við ákváðum að láta gott heita og prófa eitthvað nýtt og erum mjög sátt við þá ákvörðun,“ segir hann.

„Við sjáum fólkið okkar oftar, því það var mjög latt við að koma í heimsókn þó að við byggjum í hálf tíma akstursfæri. Nú get ég líka farið enn meira út í músík, þar sem ég hef meiri tíma. Ég get sjálfsagt farið að spila aðeins með svona jassklúbbum, sem eru á hverju strái í borginni,“ segir Rósi.

Lék með Léttlyndu Lóu

Rósi er ekki einn á ferðinni á Íslandi, því með honum í för er áður nefndur Patreksfirðingur. „Við komum saman, ég og Gutti. Við erum bara eins og tvíburar, við erum alveg óaðskiljanlegir,“ segir hann og hlær við. „Við komum líka saman 1986, en við gerum reyndar eiginlega ekkert saman hérna. Hann er með sinni fjölskyldu í Reykjavík og ég kem vestur til að vera með minni,“ útskýrir Rósi. Í ár varð þó breyting þar á, þar sem þeir félagar héldu báðir á Patreksfjörð til að taka þátt í fermingarmóti.

„Gutti var að koma hingað á fermingarmót. Hann spilaði í hljómsveit á Patró sem var mjög vinsæl í kringum 1970 og hét Léttlynda Lóa - eða bara Lóa, það fór víst eftir því hvernig lá á fólki,“ útskýrir hann. „Þeir strákarnir voru beðnir um að koma saman sem hljómsveit aftur. Þeir náðu ekki í sólógítarleikara, sem var upptekinn annars staðar, svo þeir plötuðu mig til að koma með. Það var allt í lagi, ég var á leiðinni vestur hvort sem er, svo ég fór bara með þeim.“

Þegar á Patreksfjörð var komið var gengið í að útvega gítara. „Svo æfðum við og æfðum í svona klukkutíma, það voru nú ekki lengri æfingar en svo. Síðan voru tveir okkar teknir í rauða herinn - þeir skipta nefnilega liði þarna á Patreksfirði eftir því hvaðan þeir eru. Við vorum með rauða liðinu og vorum drifnir upp á vörubílspall til að spila undir með konum sem voru að syngja. Það var keyrt í gegnum þorpið og svo mættust fylkingarnar á götuhorni rétt við torgið. Þar á hvort lið að reyna að yfirgnæfa hitt. Svo var fólkið spurt hverjir hefðu unnið - og það vorum við, af því að við vorum með músík en hinir voru bara með hávaða!“ segir hann og brosir við.

Í kjölfarið lék þessi birtingarmynd Léttlyndu Lóu nokkur lög á torginu og í lok dags var haldinn dansleikur með Helga Björns. „Ég var þá að kvarta eitthvað yfir hávaðanum við fólk þarna í kringum mig - ég hlýt að vera orðinn svona gamall! Þá sagði nú einhver kona sem sat við hliðina á mér að við hefðum ekki verið neitt betri. Það er greinilega ekki alveg það sama að vera uppi á sviði og að vera úti í sal að hlusta,“ segir Rósi, sem kann betur við sig uppi á sviðinu hvað hávaðamörkin varðar.

Börnin öll músíkölsk

Sem áður segir er þetta fjórða heimsókn Rósa til Ísafjarðar frá því að hann fluttist á brott. Það þykir kannski ekki mikið á heilum þrjátíu árum, en ferðalagið er heldur ekki stutt. „Nei, alls ekki!“ segir hann og hlær. „Að sitja þarna í vél í tólf tíma í einu, skipta svo um vél fyrir aðra tólf



tíma og svo þrjá og hálfan... Þetta er ekkert grín!“

Synir Rósa hafa allir heimsótt Ísland, en ekki dóttir hans, Katy. „Hún á það ennþá eftir. Við komum hingað feðgarnir árið 2002. Þá var yngsti strákurinn minn kominn í flott fótboltaði í héraðinu hjá okkur. Þeir bestu í fótboltanum voru fengnir í þetta lið og fóru til Þýskalands til að taka þátt í keppnum á mótum þar. Ég endaði á því að fara þangað með honum og annar tvíburanna líka. Hann hafði verið mikið í fótboltanum og spilað og æft með bestu liðunum í höfuðborginni. Hann var nokkuð góður og kom með til að fara í svona „tryouts“ hjá stóru þýsku fótboltaklúbbunum, sem báru reyndar ekki árangur. Þeir sögðu að hann væri góður en til þess að þeir tækju hann þyrfti hann að vera mun betri en heimamennirnir - annars yrðu þeir alltaf fyrir valinu,“ útskýrir Rósi. „En það var gaman að prófa þetta. Við ferðuðumst út um allt og var alls staðar vel tekið - sums staðar með lúðrasveit og vodka-snafs. Við þrír nýttum svo tækifærið og komum hingað eftir ferðina til Þýskalands, enda stutt að fara þaðan,“ bætir hann við.

Aðspurður segir hann börn þeirra Elwyn ekki tala íslensku. „Þau gera það ekki. En annar tvíburanna var nú samt duglegur að læra hana og talaði mikið við Rúnu systur. Hann tróð líka einu sinni upp hérna á Langa Manga, var plataður í það af Gumma Hjalta. Þar söng hann eitt lag á íslensku,“

segir Rósi og brosir.

Börnin hans eru nefnilega öll músíkölsk eins og faðirinn. „Þau kunna öll að spila á gítar. Yfirleitt er það nú bara hobbí. Matt, annar tvíburanna, er aðeins meira í þessu en hin. Þeir fá hann oft til að troða upp og svona, en ég held að hann muni aldrei gera þetta neitt svona professional. Hann er framhaldsskólakennari og hefur brennandi áhuga á því starfi, en hann hefur líka gaman af því að troða upp og syngja,“ segir Rósi.

Í hverri heimsókn sinni vestur hefur hann hins vegar getað glaðst yfir því að eiga hér enn góða vini. „Einn af þeim er Örn Ingólfsson sem var með mér í hljómsveitinni. Hann drifur mig alltaf í flug þegar ég kem. Hann fór með mig í Fljótavíkina um daginn, þar sem við vorum að sækja fólk. Það er sko hugsað um mann hérna,“ segir hann og brosir. „Hann og Dúddi Guðmunds ásamt konum sínum hafa meira að segja komið tvisvar sinnum í heimsókn til mín hinum megin,“ bætir hann við.

Áður en blaðamaður kveður og þakkar fyrir sig er ekki úr vegi að spyrja hvort Rósi sjái einhverjar frekari breytingar en þær á fólkinu. „Það hefur allt breyst,“ segir hann ákveðinn. „Það er allt orðið svo huggulegt! Það virðast vera til nógir peningar til að gera allt. Það er allt malbikað, falleg tré úti um allt og svona... þetta er allt annað,“ segir hann að lokum.



Segir aflaheimildir á Vestfjörðum skerðast

Útvegsmannafélag Vestfjarða segir að úttekt þess á áhrifum kvótafrumvarpa ríkisstjórnarinnar sýni að aflaheimildir á Vestfjörðum muni skerðast um 3700 þorskígildistonn þegar lögin

verða komin að fullu til framkvæmda. Þetta jafngildi samanlögðum aflaheimildum Drangness, Bíldudals, Hólmavíkur, Tálknafjarðar, Brjánslækjar og Suðureyrar.

Í ályktun sem félagið hefur sent frá sér segir að sjómenn á Vestfjörðum séu alls um 400 og fiskverkafólk alls um 460 talsins. Verði frumvörpin að lögum blasi við að þá tapist alls um 100 störf,

þar af 45-50 hálaunastörf til sjós og um 50 störf í fiskvinnslu. Þar segir einnig að óvissa í sjávarútvegi á Vestfjörðum muni aukast og sé hún þó veruleg fyrir.

Aflaheimildir verði teknar í stórum stíl af sjávarútvegsfyrirtækjum til að setja í „potta“ handa stjórnmalamönnum að úthluta úr.
– thelma@bb.is



Bæjarstjórn og starfsmenn Heilbrigðisstofnunarinnar hafa komist að samkomulagi varðandi húsaleigu fyrir heimaþjónustu.

Stöðugildi aukið við heimaþjónustu

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að stöðugildi heimaþjónustu á Þingeyri verði aukið um 7,5% vegna eftirspurnar eftir þjónustunni. Á fundi félagsmálanefndar var greint frá því að deildarstjóri heimaþjónustunnar

gæti hagrætt verkefnum milli starfsmanna svo að hægt sé að auka þjónustuna. Á fundi félagsmálanefndar var einnig samþykkt að gerð verði þarfagreining vegna þjónustu við eldri borgara í Önundarfirði og á Flateyri.

Á fundi bæjarstjórnar var jafnframt samþykkt að gengið verði að tilboði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða varðandi greiðslu á húsaleigu fyrir aðstöðu heimaþjúkunar á Hlíf á Ísafirði samkvæmt viðræðum við starfsmenn.

Ósátt við starfslokasamning framkvæmdastjóra SGS

Stjórnarmenn í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga lýsa furðu sinni yfir starfslokasamningi við framkvæmdastjóra Starfsgreinasambands Íslands (SGS) og hvernig tekið hefur verið á málum er varða ýmsa óútskýrða kostnaðarliði og úttektir framkvæmdastjórans. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem stjórnarmennirnir hafa sent frá sér vegna fréttu og blaðaskrifa um starfslok framkvæmdastjóra SGS sem komu til í kjölfar

endurskoðunar skýrslu Deloitte á fjármálum SGS. Þar er yfir fullum stuðningi og trausti til þeirra þriggja formanna er haldið hafi réttlætinu í málinu á lofti. „Verkaþólkinn á hinum lágu launum finnst þyngra en tárur taki að svona sé farið með fjármuni þeirra,“ segir í yfirlýsingunni, en þess má geta að Finnþógi Sveinbjörnsson, formaður Verk-Vest, var einn þessara þriggja formanna sem vildu að réttlætið næði fram

að ganga í málinu og það yrði kært til lögreglu. Stjórnarmennirnir sem undirrita yfirlýsinguna eru Ólafur Baldursson varaformaður, Eygló Jónsdóttir gjaldkeri, Gunnhildur Elíasdóttir ritari, Finnur Magnússon formaður verslunardeildar, Eiríkur Ragnarsson formaður Súðavíkurdeildar, Ingvar Samúelsson formaður Reykhóladeildar, Hilmar Pálsson meðstjórnandi og Kári Þ. Jóhannsson varaformaður.

Samstarfsnet á vegum Norðurslóðaháskólans

Háskólasetur Vestfjarða og Háskólinn á Akureyri leiða nýtt samstarfsnet (Thematic Network) á vegum Norðurslóðaháskólans (University of the Arctic) á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar. Markmið þess er að efla tengslanet háskóla á norðurslóðum á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar, koma á fót kennara- og studentaskiptum og efla rannsóknasamstarf. Háskólasetrið og Háskólinn á Akureyri hafa verið aðilar að Norðurslóðaháskólanum um árabil. Aðrir aðilar að samstarfsnetinu um haf- og strandsvæða-

stjórnun eru Murmansk State Humanities University, University of Washington og University of Norland. Samstarfsnetið er einnig opið fleiri áhugasömum aðilum. Stofnað var til samstarfsnetsins á ársfundi Norðurslóðaháskólans árið 2010 í Yakutsk en upphafsfundur þess verður haldinn í tengslum við alþjóðlegu ICASS-ráðstefnuna (International Conference on Arctic Social Sciences) sem fram fer á Akureyri núna í júní undir yfyrskriftinni Human Aspects of Fisheries in the Arctic Coastal Region.

Íbúar á Suðureyri réðust í götuframkvæmdir

Eftir meira en þrjátíu ára bið ákváðu íbúar við Hjallabyggð á Suðureyri að ráðast sjálfir í gatna-gerð og fjármagna hana úr eigin vasa. Húsin við Hjallabyggð voru flest byggð á árunum í kringum 1977 og þá hafa íbúarnir sjálfsagt staðið í þeirri trú að gatan yrði malbikuð innan tíðar. En ekkert gerðist og íbúunum var heldur farið að leiðast þófið. Þeir ákváðu því að gera Ísafjarðarbæ tilboð og

buðust til að útvega tæki og tól og gera götuna klára fyrir malbik. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti tilboðið samhljóða. Reiknað er með að framkvæmd íbúanna kosti um fjórar til fimm milljónir króna en að henni lokinni mun sveitarfélagið taka við og ljúka verkinu. Á næstu tveimur árum er gert ráð fyrir að bæjarfélagið greiði íbúunum til baka allan útlagðan kostnað.

Hafró fagnar áhuga Ísafjarðarbæjar

Hafrannsóknastofnun fagnar þeim áhuga sem bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ sýna starfsemi stofnunarinnar á Ísafirði. „Það er ekki síst því að þakka að á staðnum eru fyrir hendi afar hæfir og samhentir starfsmenn og aðstæður auk þess eins og best verður á kosið,“ segir í bréfi Hafró til Ísa-

fjarðarbæjar í tilefni af bréfi bæjaryfirvalda þar sem óskað var eftir eflingu á starfsemi stofnunarinnar á Ísafirði. Þar kemur fram að stofnunin tekur mið af áhuga bæjarfulltrúa Ísafjarðarbæjar við frekari uppbyggingu á starfsemi hennar um landið á komandi árum.

Svartfugli í Látrabjargi fækkar ört

Svartfugli í Látrabjargi hefur fækkað ört á undanförunum árum. Arnþór Garðarsson, prófessor í fuglafræði við Háskóla Íslands, hefur rannsakað fuglalíf við Látrabjarg á áratugi. „Það er ekki hlaupið að því að telja fugla í bjarginu enda skipta þeir milljónum. Þetta eru bæði seinunnar og

dýrar rannsóknir og því er ekki ráðist í það á hverju ári. Við reyndum þetta fyrst árið 1985 með því að taka myndir af björgunum og telja síðan fuglana á ákveðnum sniðum á myndunum. Við framkvæmdum rannsóknina aftur árin 2006, 2007 og 2009. Á tímabilinu frá 2006 til 2009

greindum við mikla fækkun fugla eða allt að helming fækkun,“ segir Arnþór.

„Það eru margar ástæður fyrir þessum breytingum. Tvær helstu eru annars vegar raktar til breytinga á straumakerfum umhverfis landið og hins vegar lélegs fæðuframboðs. Breytingar á strauma-

kerfum þýða að sumar tegundir eins og stuttnefja færa sig í burtu frá landinu á kaldari staði. Síli er mjög mikilvæg fæða fuglanna á sumri en sandsíli hefur brugðist núna í sex ár í röð víða umhverfis landið. Þetta þýðir að fuglinn snýr ekki til baka þegar illa gengur og ef hann tímgast ekki, þá

smáfækkar honum.“

„Það hafa orðið verulegar breytingar á síðastliðnum tveimur áratugum og fuglinum hefur fækkað verulega. Spurningin nú er hversu hratt þessi þróun heldur áfram en í Látrabjargi virðist fækkunin vera mjög ör. Þetta lítur verr út en við reiknuðum með.“

smáar

Óska eftir Hokus Pokus barnastól. Uppl. í síma 892 0140.

Til sölu er sófasett, 3ja og 2ja sæta. Selst á kr. 40 þús. Uppl. í síma 456 5389.

Til sölu er Ople Vectra 1600 árg. 2000, ekinn 122 þús. km. Skoðaður 2012. Góður bíll og vel með farinn. Upplýsingar í síma 895 7151.

Til sölu er rúm 105x2 cm. Verð kr. 5000. Er í góðu standi. Uppl. í síma 869 4843.

Óska eftir notuðu kvenhjóli með fótbremsu. Uppl. í síma 456 3658 og 865 4790.



Hátíðardagskrá á Hrafnseyri

Hátíðardagskrá verður á Hrafnseyri við Arnarfjörð 17. júní en þá verða 200 ár liðin frá fæðingu frelsishejunnar Jóns Sigurðssonar. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra setur hátíðina kl. 14 og þá mun Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands flytja

hátíðarræðu. Hátíðarsvæðið verður hins vegar opnað kl. 10 um morguninn og geta gestir gengið milli sölubása og veitingajalda.

Bíldælingar leggja úr höfn á Bíldudal kl. 12.30 í hópsiglingu á smábátum yfir Arnarfjörðinn. Áætlað er að siglingin taki um

klukkustund. Sr. Agnes M. Sigurðardóttir, sóknarprestur í Bolungarvík og prófastur í Vestfjarðaprófastsdæmi, predikar í hátíðarmessu í Minningarkapelli Jóns Sigurðssonar.

Fjölmarginir viðburðir eru á hátíðardagskránni á útisviði. M.a.

mun Elfar Logi Hannesson leikari flytja brot úr einleik um Jón Sigurðsson. Sigrún Hjálmtýsdóttir og Björgvin Halldórsson eru meðal þeirra tónlistarmanna sem stíga munu á svið. Hátíðarsvæðið og safnið verða opin til kl. 20 um kvöldið.

Sjómannadagurinn og veiðar

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Sjómannadagurinn var haldinn hátíðlegur um þar síðustu helgi og er það vel. Í umræðu um kvótakerfið gleymast sjómenn. Stundum mætti halda að þeir skiptu ekki máli. Fremur skipti það stjórnmálameð öllu að ná undir sig stjórn fiskveiða og þá væntanlega til þess að stýra því hverjir njóti gæðanna, vinir og vandamenn. Þannig var hátturinn um áratuga skeið og gekk svo langt að í Alþingishúsinu var rekki undir víxileyðublöð frá flestum lánastofnunum á Íslandi, jafnvel smæstu sparisjóðum. Það var meðan það var sérstakt lán að fá lán. Því happi stjórnunni gjarnan stjórnmálameð, enda ekki sjálfgefið að fá lán nema þekkja réttu mennina. Þá var eins konar kvótakerfi á bankaviðskiptum. Stjórnmálameð gátu gert kjósendur sér handgengna með því einu að útvega þeim lán og upp frá því tilheyrðu þeir bankanum sem þeir lentu í.

Það skiptir okkur öll máli, Íslendinga, að geta veitt fisk. Þjóðin á mikið undir því að einfaldr og skýrar reglur gildi um það hvernig sameign hennar verður nýtt. Kvótakerfið er mikið rætt um þessar mundir og ætlun ríkisstjórnar var sú að keyra í gegn á vorþingi tvö lagafrumvörp og kollvarpa núverandi kvótakerfi. Eitthvað hefur dregið úr vonum hennar um að það takist. Skyldi engan undra. Það virðist þjóðtrú á Íslandi að kvótakerfið sé af hinu illa. Ekki er umræðan þó á því plani að sýnt sé fram á það með rökum hvað sé svo vont við það. Ekki eru sjómenn spurðir, nema kannski þeir sem hafa

marg selt kvótann af smábátum og vilja nú fá hlutdeild þeirra sem enn eiga kvóta og veiða frítt. Eiga að þeir sem keypt hafa sér aðgang að fiskveiðum í íslenski landhelgi dýrum dómum að fá skaða sinn bættan?

Umræðan snýst um það hverjir séu vondu kallarnir og hafi grætt á kvótanum. Stjórn fiskveiða hefur verið umdeild. Sjá ýmsir ofsjónum yfir auði í annars garði. Sjómannadagurinn var haldin í skugga tveggja afar umdeild frumvarpa um fiskveiðistjórn sem liggja fyrir Alþingi. Ýmsir hafa bent á að þau muni rýra afrakstur þjóðarinnar af auðlindinni. Ragnar Arnason prófessor í hagfræði segir að verði þau að lögum muni draga úr fjárfestingu í sjávarútvegi með tilheyrandi tekjutapi fyrir þjóðina. Útgerðarmenn hafa varað við því að störf tapist. Einar Valur Kristjánsson hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru býst við að 100 hundrað störf hverfi á Vestfjörðum. Það er mikið fyrir lítið samfélag rúmlega sjö þúsund manna. Ólafur Ragnar Grímsson forseti telur að veiti fyrirhugaðar kerfisbreytingar vísbendingu um það að Vestfirðir komi illa út skuli hætt við.

Þjóðsögurnar geyma sögur af skessum sem köstuðu á milli sín fjöreggi sínu og misstu og dóu. Er ekki mál til komið að skessurnar hætti leik með fjöreggið. Sjómenn og íslenska þjóðin eiga allt undir því. Án veiða fækkar sjómönnum enn.

Hilmar Lyngmo hlaut Neistann í ár

Ísfirðingurinn Hilmar Kristjánsson Lyngmo hlaut á sjómannadag viðurkenningu fyrir fyrirmyndar yfirvélstjórnarstörf sem Tryggingamiðstöðin hf. og VM - Félag vélstjóra og málm-tæknimanna veittu í nítjándá sinn. Gripurinn sem veittur er hefur hlotið nafnið „Neistinn“.

Fram að þessu hefur Neistinn verið afhentur á hátíðarhöldum vegna sjómannadagsins í Reykjavík. Nú var hins vegar verið tekin ákvörðun um að afhenda viðurkenninguna á hátíðarhöldum sjómannadagsins í byggðarlagi þess vélstjóra sem hana hlýtur. Við val á viðtakanda skal m.a. leggja til grundvallar ástand skoðunarskylds vélbúnaðar um borð, ástand öryggis- og viðvörðunarbúnaðar, rekstur á vélbúnaði skipsins og umgengni í vélarúmmum. Leitað var umsagnar skoðunarstofa og flokkunarfélaga en á milli 80 og 90% af öllum skoðunarskyldum búnaði um borð er á ábyrgðarsviði yfirvélstjórans.

Tilgangur viðurkenningar-



Hilmar Kristjánsson Lyngmo.

innar er að vekja athygli á því hversu þýðingarmikið og krefjandi starf yfirvélstjórans er og um leið að veita þeim sem skara fram úr viðurkenningu fyrir fyrirmyndarstörf.

Frá 1985 var Hilmar vélstjóri á Guðbjarti ÍS 16 og sem yfirvélstjóri á sama skipi frá 1992 þang-

ad til skipið var selt úr landi. Á árunum 1995 til 1997 var hann yfirvélstjóri á Orra ÍS 20. Frá 1997 hefur Hilmar verið á Páli Pálssyni. Framan af leysti hann af sem yfirvélstjóri en frá því í júlí 2007 hefur hann starfað sem yfirvélstjóri á skipinu.

– thelma@bb.is



Selja lykt í krukum

Hótelstjórnir á Núpi í Dýrafirði fara nýjar leiðir að nýta og selja afurðir úr heimahéraði. Nýjasta varan þeirra er lykt frá ýmsum stöðum í firðinum fagra sem fólk getur keypt í krukum. „Við erum nú þegar búnir að fara í fjósið á Gamlufalli og fylla krukur af lykt. Eins fórum við í eyðibýlin á Arnarnesi og á Ingjaldssandsheiði,“ segir Sigurður Arnfjörð Helgason. Krukkurnar eru nýfarnar í sölu og þó svo að lítið hafi selst af þeim enn vekur

hugmyndin mikla lukku.

„Flestum sem hafa séð þetta finnst þetta vera fátánleg en fyndin hugmynd. Líklega eru það helst útlendingar sem vilja taka með sér lykt frá Íslandi,“ segir Sigurður.

Hann segir þá ábyrgjast vöruna. „Um leið og maður opnar dósina á maður að geta fundið lyktina. Við ábyrgjumst þetta, þannig að ef engin lykt er í krukkuinni þegar hún er opnuð sendum við nýja eða endurgreiðum hana.“

Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas verður með malbikunarstöð á Ísafirði frá 4. júlí Gerum föst verðtilboð í allar stærðir bílaplana

Vinsamlegast hafið samband við Gunnar Örn Erlingsson í síma 660 1909 eða við Eypór Guðmundsson staðarstjóra (frá 27. júní) í síma 892 5187


HORFUM TIL FRAMTÍÐAR!

HLAÐBÆR COLAS



„Atvinnulífið má ekki við svona æfingum“

Krossgáta *Catalina* og Vestfirðinga.
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.



GUÐ	AF- EFLUN	KARLM- NAFN	EINS UM A	↓	RYK	RÖND- SÓLARIAE	UPPHR	LEIT
STÖR- FÉ	→				GLÖÐ PIRR- AR		FLJÖT RÖÐ	
TANN- PINA HÖF- DÝR			FREDI- MAÐUR VEIN					SNÍKJ- UR
SÉR- HL.		RÖT- FASTUR NJÖTA						
Ö- NEFND		MUNI			TALA	SAM- TÖK GÖÐ		
ÖF. TVÍ- HLJ.		ILLA HER- VEÐUR	RYK ÞÓFI		HAFI FLUG- VÖLLUR		STÆÐI SAMHL	
DRENG- INA	→			→	PÖTAR			↓
MÁL- SKRÚFA							TÖNN NAGL- ANA	
MÁL			AD INNAN 'ATT		SARGI			
EINK. ST.		SPYRJA TALA			RVK. EÐJA	RYK SKÁLD		
STAF- URINN KEYRI			HER NÝTTU			AL- METTI 'ATT		
↓		ELSKA EINS UM A			NÝRRI TIL			
RÍK- AR						FORS.	TÖNN SAMAN	GAN
TARF- URINN					ELSKA TÖNN			
PEN- INGUM				1000	FÖR- MÖÐ- IRIN			

Guðbjartur Jónsson, framkvæmdastjóri útgerðarfirmisins Birnis í Bolungarvík, segir ljóst að starfsemi fyrirtækisins dragist umtalsvert saman verði kvótfrumvörp ríkisstjórnarinnar að lögum. Birnir gerir út togarana Gunnbjörn og Valbjörn og á auk þess meirihlutann í rækjuverksmiðjunni Kampa á Ísafirði.

„Ég get ekki séð að þessir svokölluðu pottar komi okkar fyrirtæki til góða, þannig það er verið að færa aflaheimildir frá okkur til einhverra annarra. Í yfirlýsingu Útvegsmannafélags Vestfjarða segir að verði frumvörpin lögfest tapist um 100 störf á Vestfjörðum. Ég er þessum útreikn-

ingum sammála, þannig að það er ljóst að óvissan í sjávarútvegi er mikil.“

Hjá Kampa og Birni starfa samtals um 70 manns en unnið er á tvöföldum vöktum í rækjuverksmiðjunni. „Veiðiheimildir okkar eru um 600 þorskígildistonn. Útgerð hófst 1992 og við höfum keypt hvert einasta kíló af heimildum á almennum markaði með tilheyrandi lántökum. Það er því eðlilegt að stjórnendur fyrirtækja haldi að sér höndum í fjárfestingum þegar slíkar breytingar á kerfinu eru boðaðar. Atvinnulífið hérna á Vestfjörðum hreinlega má ekki við svona æfingum út í loftið.“

Lausn á síðustu krossgátu

				SEF- ADIR	S	ANN- ANNA ÞING- KONA	ÞÖKVI ÞUKI	V
			→	AR	AS	↓	A	
			↓	Ö	L	I	S	T
			↓	B	AN	V	EN	
H. M.	↓	EINS UN SLETTA	Ö	S	I	Þ	A	D
TÖBOK	S	K	R	O	L	I	N	D
BÍL	K	L	O	F	D	R	N	A
BYGG- JNA	R	E	I	S	T	U	A	N
FRÖNS	I	S	L	A	N	D	S	A
VÉL- SKÍP	M	S	T	A	L	A	K	
'ATT	S	A	E	R	L	A		
TALA	L	O	G	O	L			
STER- STI	S	E	T	U	R			
AND- STUTT	M	Ö	Þ	M	Ö			
VÖNT- UN	E	K	L	A	M			
FORMI	S	N	I	Þ	I			
RÍÐAR- GRAS- HÉ	T	I	N	A	R			
	S	I	N	U	N	A		

Hvítlaukskjúklingur og bláberjasúpa

Sælkeri vikunnar býður upp á tvær uppskriftir, önnur aðalréttur og hin eftirréttur. „Ég ákvað að hafa þetta bara einfalda hversdagsréttir, þar sem flókin eldamennska hefur ekki verið mikið iðkuð á mínu heimili undanfarið,“ segir Harpa.

Hvítlaukskjúklingur

1 kjúklingur
1/2 bolli olíu
1/2 bolli sítrónusafi (gjarnan ferskpressaður)
Rósmarín - ca. matskeið þurrkað eða góð grein af fersku saxað smátt

1 tsk. salt
3 – 6 hvítlausrif söxuð eða pressuð

Olíu, sítrónusafa, rósmarín, salti og hvítlauk blandað saman í glas eða hrist saman. Penslað á allan kjúklinginn og svolítið af blöndunni sett inn undir skinnið á bringu kjúklingsins.


Allt sett í römertopf leirpott og bakað í ofni við 180 – 200 gráður í 1 – 1 1/2 klst. Mjög gott að afhýða lauk, skera í tvennt og henda með í pottinn. Ef sítrónusafinn er pressaður úr sítrónu er líka gott að setja sjálfa sítrónuna

inn í kjúklinginn og láta hana bakast með (en það gefur mikið sítrónubragð). Borið fram með hrísgrjónum og hrásalati.

Bláberjasúpa

Fyrir 3-4
3 dl af bláberjum
3 dl af vatni
1 1/2-3 msk af sykri – eftir smekk

Soðið saman örfáar mínútur og síðan tekið af hellunni og maukað með handmixara í pottinum. 2 dl af köldu vatni og ca 2 msk af kartöflumjöli hrært saman



og hrært út í súpuna þar til hún er orðin hæfilega þykk. Hellið kartöflumjölsblöndunni í hægt út í og hrærið vel í pottinum á meðan. Ekki láta súðuna koma upp aftur eftir að kartöflumjölið er komið

í. Borið fram með þeyttum rjóma.

Ég skora á systur mína, Sigríði Kristjánsdóttur í Hnífsdal að koma með uppskrift í næsta blað.



Þorskurinn „klárlega kominn til að vera“

Tónlistarhátíðin Þorskurinn 2011 fór fram í veðurbliðu í bakgarði Einarshúss í Bolungarvík. Fjöldi tónlistarmanna kom fram á hátíðinni og vel var mætt. „Það var svakagóð stemning og þetta gekk glimrandi vel,“ segir Elmar Ernir Viðarsson, skipuleggjandi hátíðarinnar. Þetta er í þriðja sinn sem tónlistarhátíðin er haldin en hún var í fyrsta skipti á Kærleiksdögum í Bolungarvík árið 2009.

Stefnt er að því að hátíðin verði haldin á hverju ári hér eftir og þá alltaf á sjómannadagshelginni. „Þorskurinn er klárlega kominn til að vera,“ segir Elmar Ernir.

Heimamenn eru í meirihluta flutningsmanna en þó eru einhver aðkomuatriði. Á hátíðinni í ár komu fram Anna Þuríður & Sigríður Magnea, Hótel Rotterdam, Skundi litli & Eggert Nielsen, Jón Hallfreð, Magnús & Elísabet Traustabörn, Belli, Lilja & Bryndís, Trúbadorinn Denni, Karen og Sunneva, Perla Sig, Hálfán Bjarki, Einar Örn Konráðsson og Alchemia.



ÓDÝRT ÚT Á LAND
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER, ÞAKKI SÖRTUR Á NÁLSTA PÓSTHÚS.
EF ÞU GEFUR UPP GSM NÚMÉR ÞÁ FÆRÐU SMS UM LEIÐ OG ÞAKKINN KEMUR Á PÓSTHÚSIÐ.
SMÁVÖRUR UNDIR 0,2 M³ 500 KR.
STÓR TÆKI YFIR 0,2 M³ 3.995 KR.
SMÁVÖRUR UNDIR 0,2 M³ 900 KR. MIÐAÐ VIÐ HEIMKEYRSLU*
STÓR TÆKI YFIR 0,2 M³ 4.600 KR. MIÐAÐ VIÐ HEIMKEYRSLU*
Vefverslun ELKO.is – Símasala 575-8115



TOP N+ ... betra gler
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Knútur og Helena rækta tómata á Friðheimum í Reykholti. Þau eru einu garðyrkjubændurnir sem rækta plómutómata allt árið um kring en auk þeirra rækta þau hefðbundna tómata og konfektótómata.

Á Friðheimum gefst gestum tækifæri til að skoða gróðurhúsin og kynna sér hvernig tómatarækt gengur fyrir sig.

